

AUGLÝSING

um samning við Lúxemborg um félagslegt öryggi.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og Stórhertogadæmisins Lúxemborgar um félagslegt öryggi, sem undirritaður var í Lúxemborg 11. desember 1989, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. október 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli lýðveldisins Íslands og stórhertogadæmisins Lúxemborgar um félagslegt öryggi

Lýðveldið Ísland
og
Stórhertogadæmið Lúxemborg

vegna áhuga beggja á að koma í fast horf gagnkvæmum samskiptum ríkjanna á sviði almannatrygginga, hafa ákveðið að gera með sér samning um félagslegt öryggi og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. hluti - Almenn ákvæði

1. gr.

(1) Í samningi þessum merkir:

- a) „Ísland“ lýðveldið Ísland; „Lúxemborg“ Stórhertogadæmið Lúxemborg;
- b) „löggjöf“ lög þau, reglugerðir og stjórnvaldsreglur sem eiga við þær greinar almannatrygginga sem fjallað er um í 1. tl. 2. gr.;
- c) „til þess bær stjórnvöld“:
 - i) að því er Lúxemborg varðar, ráðherra almannatryggingamála;
 - ii) að því er Ísland varðar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið;
- d) „stofnun“ þá stofnun eða stjórnvald sem falið er að annast framkvæmd löggjafar þeirrar sem fjallað er um í 1. tl. 2. gr., í heild eða að hluta;
- e) „til þess bær stofnun“ þá stofnun sem samkvæmt viðkomandi lögum er bær til að fjalla um tilgreind mál;
- f) „tryggingatímabil“ tímabil sem skilgreind eru sem eða talin vera tryggingatímabil í löggjöf lands þess þar sem þau hafa áunnist;

- g) „bætur“, „lífeyrir“ og „dagpeningar“ hvers konar bætur, lífeyri og dagpeninga, þar með talið hvaðeina sem ráð er fyrir gert í löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr., hækkanir vegna endurmats eða aukaframlög svo og fjárframlög sem komið geta í stað lífeyris eða dagpeninga, svo og endurgreiðslur iðgjalda;
- h) „fjölskylda“ fólk sem skilgreint er eða viðurkennt sem meðlimir fjölskyldu í þeirri löggjöf sem ákvarðar bætur, eða skv. 11. gr. af hálfu löggjafar þess samningsríkis sem téðir fjölskyldumeðlimir búa í.

(2) Önnur orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þá merkingu sem þeim er gefin í viðeigandi löggjöf.

2. gr.

(1) Samningur þessi gildir:

A. Í Lúxemborg að því er varðar löggjöf um:

- a) sjúkra- og fæðingartryggingar;
- b) vinnuslysa- og atvinnusjúkdómatryggingar;
- c) elli- og örorkulífeyri og lífeyri eftirlifandi maka;
- d) atvinnuleysisbætur.

B. Á Íslandi að því er varðar löggjöf um:

- a) sjúkratryggingar;
- b) bætur í fæðingarorlofi;
- c) slysatryggingar;
- d) elli- og örorkulífeyri, ásamt makabótum og barnalífeyri;
- e) barnalífeyri, ekkju/ekkilsbætur og ekkjulífeyri (bætur til eftirlifenda);
- f) atvinnuleysisbætur.

(2) Samningur þessi gildir einnig um lög og reglugerðir sem breyta eða eru viðauki við löggjöf þá sem tilgreind er í 1. tl.

Þó skal hann ekki gilda um:

- a) lög eða reglugerðir um nýja grein félagslegs öryggis nema samningur þar um sé gerður milli samningsríkjanna;
- b) lög eða reglugerðir sem rýmka núgildandi kerfi og láta það ná til nýrra flokka bótaþega, sé um andstöðu ríkisstjórnar annars ríkisins að ræða sem tilkynnt er ríkisstjórn hins ríkisins innan þriggja mánaða frá því að lögin eða reglugerðin er birt opinberlega.

3. gr.

Þar sem ekki er annað tekið fram í samningi þessum gildir hann um þá sem heyra eða hafa heyrt undir löggjöf annars hvors samningsríkjanna, svo og þá sem rekja rétt sinn til einhverra þeirra.

4. gr.

(1) Ríkisborgarar annars samningsríkisins, sem falla undir ákvæði samnings þessa, eru háðir skyldum og njóta réttinda löggjafar þeirrar, sem tilgreind eru í 2. gr., með sama hætti og ríkisborgarar hins ríkisins.

(2) Ákvæði 1. tl. eiga einnig við um flóttamenn eins og þeir eru skilgreindir í samningi frá 28. júlí 1951 og bókun frá 31. janúar 1967 um réttarstöðu flóttamanna, svo og um landleysingja, eins og þeir eru skilgreindir í samningi frá 28. september 1954 um réttarstöðu landleysingja, er þeir dveljast á landsvæði annars samningsríkisins. Ákvæði þessi eiga við með sama hætti um meðlimi fjölskyldna þeirra og eftirlifendur, að því tilskildu að þeir reki rétt sinn til téðra flóttamanna eða landleysingja. Fyrirvari er um hagstæðari ákvæði í löggjöf ríkjanna.

5. gr.

(1) Þar sem ekki er annað tekið fram í samningi þessum skulu bætur vegna örorku, elli eða til eftirlifenda, dagpeningar vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma svo og dánarbætur, sem menn hafa öðlast samkvæmt löggjöf annars samningsríkisins, hvorki sæta neinni lækkun, aðlögun, tímabundinni né algerri niðurfellingu né upptöku vegna þess að bótaþegi dvelst á landsvæði hins samningsríkisins.

(2) Bætur þær, sem vísað er til í 1. tl. og öðru samningsríkjanna ber að standa skil á, skulu greiddar ríkisborgara hins ríkisins sem dvelst á landsvæði þriðja ríkis með sama hætti og í sama mæli og um væri að ræða ríkisborgara fyrra ríkisins er dveldist á landsvæði téðs þriðja ríkis.

6. gr.

Ákvæðum um lækkun eða niðurfellingu, sem gert er ráð fyrir í löggjöf annars samningsríkisins, má beita ef um það er að ræða að ein tegund bóta bætist við aðrar bætur frá almannatryggingum eða við aðrar tekjur eða við atvinnutekjur, jafnvel þótt um sé að ræða bætur sem menn hafa öðlast rétt til innan tryggingakerfis hins ríkisins, eða tekjur fengnar eða störf stunduð á landsvæði hins ríkisins.

II. hluti - Skilgreining löggjafar sem beita skal

7. gr.

(1) Með fyrirvara um 8. og 9. gr. ákvarðast aðild einstaklings að tryggingunum

- a) samkvæmt íslenskri löggjöf, sé hann búsettur á Íslandi eða að því er varðar vinnuslys-tryggingu, sé hann starfandi þar;
- b) samkvæmt löggjöf Lúxemborgar, sé hann starfandi þar.

(2) Þeir sem starfa um borð í skipi undir fána samningsríkis heyra undir löggjöf þess ríkis.

(3) Áhafnar meðlimir, sem ráðnir eru af flutningafyrirtækjum með aðsetur á landsvæði samningsríkis, heyra undir löggjöf þess ríkis, nema í því tilviki að starfsfólk fyrirtækja þessara starfi hjá útibúi fyrirtækisins á landsvæði hins samningsríkisins.

8. gr.

(1) Launaðir starfsmenn í þjónustu fyrirtækis, sem hefur aðsetur á landsvæði annars samningsríkisins, sem sendir eru um stundarsakir á landsvæði hins samningsríkisins til þess að starfa þar í þágu sama vinnuveitanda, skulu fyrstu 24 mánuðina heyra áfram undir löggjöf þess samningsríkis sem fyrirtækið hefur aðsetur í.

(2) Ef dvöl um stundarsakir vegna starfa á landsvæði annars samningsríkisins stendur lengur yfir en sem nemur tímabili því sem tilgreint er í 1. tl., getur viðkomandi heyrt áfram undir löggjöf hins samningsríkisins í tiltekið tímabil sem til þess bær stjórnvöld beggja samningsríkjanna verða ásátt um.

9. gr.

Til þess bær stjórnvöld samningsríkjanna beggja geta samið um að víkja frá 7. og 8. gr.

III. hluti - Sérstök ákvæði varðandi hina ýmsu bótaflokkka

1. kafli - Veikindi

10. gr.

Hafi maður heyrt undir löggjöf beggja samningsríkjanna, hvora eftir aðra eða sitt á hvað, skulu lögð saman áunnin tryggingatímabil samkvæmt löggjöf hvors samningsríkis, að því tilskildu að þau falli ekki saman, að því er varðar öflun, viðhald eða endurheimtu réttar til bóta.

11. gr.

(1) Íbúi samningsríkis, sem á rétt á sjúkrahjálpi samkvæmt löggjöf þess ríkis en dvelst um stundarsakir á landsvæði hins samningsríkisins, skal þegar í stað njóta sjúkrahjálpar þar, ef ástand hans er slíkt að hann sé hjálpar þurfi.

(2) Sjúkrahjálpi er veitt af stofnun á dvalarstað viðkomandi samkvæmt ákvæðum löggjafar þeirrar er stofnunin starfar eftir.

12. gr.

Fjölskylda manns, sem á aðild að stofnun samningsríkis, nýtur sjúkrahjálpar þegar hún er búsett á landsvæði hins ríkisins, eins og viðkomandi maður ætti aðild að stofnun þar.

13. gr.

(1) Starfsmenn þeir, sem vísað er til í 8. og 9. gr., og fjölskyldur þeirra, sem með þeim eru, njóta sjúkrahjálpar meðan á dvöl stendur á landsvæði samningsríkis þótt þau séu ekki háð löggjöf þess.

(2) Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. geta starfsmenn þeir, sem sendir eru frá Íslandi til starfa í Lúxemborg, ekki notið sjúkrahjálpar fyrir sig og fjölskyldu sína, sem með þeim er, lengur en 24 mánuði, nema þeir hafi samið um framhaldstryggingu hjá Sjúkrasamlagi verkamanna í Lúxemborg.

14. gr.

(1) Bætur vegna veikinda, sem standa ber skil á samkvæmt löggjöf samningsríkis, skulu greiddar þótt bótaþegi dveljist á landsvæði hins samningsríkisins.

(2) Bætur eru greiddar beint af til þess bærri stofnun sem bótaþegi heyrir undir.

15. gr.

(1) Nú á maður rétt til lífeyris eða dagpeninga samkvæmt löggjöf beggja samningsríkja og nýtur hann þá, sjálfum sér til handa og fjölskyldu sinni, sjúkrahjálpar í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem hann býr og af hálfu stofnunar í því ríki.

(2) Nú á maður rétt til lífeyris eða dagpeninga samkvæmt löggjöf annars samningsríkisins, en býr á landsvæði hins samningsríkisins, og nýtur hann þá, sjálfum sér til handa og fjölskyldu sinni, sjúkrahjálpar í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem hann býr. Þó skal maður, er nýtur lífeyris samkvæmt íslenskri löggjöf en býr í Lúxemborg, tekinn inn í framhaldstryggingu hjá Sjúkrasamlagi verkamanna í Lúxemborg; iðgjöld þar að lútandi skulu ákveðin í samræmi við reglur þær er gilda um þá er njóta lífeyris samkvæmt lúxemborgískri löggjöf.

16. gr.

Sjúkrahjálpi sem veitt er samkvæmt ákvæðum þessa kafla gefur ekki tilefni til endurgreiðslu milli stofnana þeirra er hér um ræðir.

2. kafli - Fæðingar og bætur í fæðingarorlofi

17. gr.

Um bætur vegna fæðinga, að meðtöldum bótum í fæðingarorlofi, skulu ákvæði 1. kafla gilda með lögjöfnun.

18. gr.

Ákvæði 17. gr. taka ekki til þess hluta bóta í fæðingarorlofi sem grundvallast á lögheimili á Íslandi. Þó skal bótaþegi sem hefur fengið greiðslur í fæðingarorlofi á Íslandi halda áfram að njóta þeirra flytjast hann búferlum til Lúxemborgar.

3. kafli - Vinnuslys og atvinnusjúkdómar

19. gr.

(1) Nú á maður vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms rétt á sjúkrahjálpi í samræmi við löggjöf samningsríkis og nýtur hann þá, ef hann dvelst á landsvæði hins samningsríkisins, sjúkrahjálpar hjá stofnun á dvalarstað hans samkvæmt ákvæðum löggjafar þeirrar er hún starfar eftir.

(2) Bætur slysatrygginga, áðr en dagpeninga, sem skylt er að greiða samkvæmt löggjöf samningsríkis, skulu greiddar þótt bótaþegi dveljist á landsvæði hins samningsríkisins. Þær skulu greiddar beint af til þess bærri stofnun sem bótaþegi heyrir undir.

(3) Ákvæði 1. og 2. tl. gilda á sama hátt gagnvart þeim sem verða fyrir vinnuslysi eða fá atvinnusjúkdóm sem skylt er að bæta samkvæmt löggjöf samningsríkis og sem búa á landsvæði hins samningsríkisins eða flytjast búferlum þangað.

20. gr.

(1) Sjúkrahjálpi skv. 19. gr. skal til þess bær stofnun endurgreiða þeirri stofnun sem hana hefur veitt.

(2) Endurgreiðslur skv. 1. tl. skal ákvarða og inna af hendi í samræmi við reglur um framkvæmd samnings þessa, sbr. 31. gr.

(3) Til þess bær stjórnvöld samningsríkjanna geta samið um það sín í milli að afsala sér endurgreiðslum milli stofnana þeirra sem undir þau heyra.

21. gr.

Ef meta skal örorku vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms gagnvart löggjöf samningsríkis, þar sem téð löggjöf gerir ráð fyrir því með beinum hætti eða óbeinum að tillit sé tekið til vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma sem áður hafa komið til, skal þar tekið jafnt tillit til vinnuslysa og atvinnusjúkdóma sem áður hafa komið til innan ramma löggjafar hins samningsríkisins, og þeir metnir sem þeir hefðu komið til innan löggjafar fyrra ríkisins.

22. gr.

(1) Ef maður, sem fengið hefur atvinnusjúkdóm, hefur stundað störf sem líkleg eru til að valda téðum sjúkdómi samkvæmt löggjöf beggja samningsríkjanna skulu bætur þær, er viðkomandi eða eftirlifendur hans kunna að eiga tilkall til, veittar eingöngu samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem störf þessi voru síðast unnin og með fyrirvara um að viðkomandi uppfylli skilyrði þau sem ráð er fyrir gert innan löggjafar þess ríkis, og skal þá, ef svo ber undir, taka tillit til ákvæða 2. tl.

(2) Ef greiðsla bóta vegna atvinnusjúkdóms samkvæmt löggjöf samningsríkis er háð því skilyrði að sjúkdómur sá sem um ræðir hafi verið greindur lækisfræðilega í fyrsta skipti í téðu landi, er þessu skilyrði talið fullnægt ef téður sjúkdómur hefur verið greindur í fyrsta skipti innan hins samningsríkisins.

23. gr.

Nú ágerist atvinnusjúkdómur manns, sem nýtur eða hefur notið bóta vegna atvinnusjúkdóms samkvæmt löggjöf samningsríkis, og hann gerir kröfu, vegna sams konar atvinnusjúkdóms, til bóta samkvæmt löggjöf hins samningsríkisins og skulu þá eftirfarandi reglur gilda:

a) hafi maðurinn ekki stundað á landsvæði síðara ríkisins störf, sem líkleg eru til þess að valda atvinnusjúkdómnum eða auka hann, skal til þess bær stofnun í fyrra ríkinu greiða bætur vegna þessa samkvæmt ákvæðum löggjafar þeirrar er stofnunin starfar eftir;

b) hafi maðurinn stundað slíkt starf á landsvæði síðara ríkisins skal til þess bær stofnun í fyrra ríkinu greiða honum bætur, án tillits til þessa, samkvæmt ákvæðum löggjafar þeirrar er hún starfar eftir. Til þess bær stofnun í síðara ríkinu veitir þá viðkomandi manni viðbót sem að upphæð er ákveðin samkvæmt löggjöf þess ríkis og er jöfn mismun á upphæð þeirra bóta sem greiða ber eftir að sjúkdómurinn ágerðist og upphæðar bóta þeirra sem inna hefði átt af hendi áður en sjúkdómurinn ágerðist.

4. kafli - Örorka, elli og andlát

1. þáttur. - Almenn ákvæði

24. gr.

(1) Hafi tryggður maður heyrt undir löggjöf beggja samningsríkjanna, hvora eftir aðra eða sitt á hvað, skulu lögd saman áunnin tryggingatímabil eða samsvarandi samkvæmt löggjöf hvors samningsríkis, að því tilskildu að þau falli ekki saman, að því er varðar öflun, viðhald eða endurheimtu réttar til bóta, sbr. þó ákvæði 4. tl.

(2) Tímabil, sem samkvæmt lúxemborgískri löggjöf leiða til þess að framlengt er viðmiðunartímabil til fullnustu biðtíma sem tilskilinn er fyrir ákvörðun örorkulífeyris og eftirlifendabóta, skulu eins tekin til greina ef þessi tímabil hafa verið áunnin á Íslandi.

(3) Fyrsta tölulið má á sama hátt beita við útreikning samkvæmt lúxemborgískri löggjöf á 12 mánaða tryggingatímabili eftir fæðingu barns, til handa tryggðum manni sem helgar sig uppeldi þess. Beiting áðurgreinds ákvæðis er háð því skilyrði að hinn tryggði hafi síðast áunnið tryggingatímabil samkvæmt lúxemborgískri löggjöf.

(4) Varðandi öflun réttar til örorkubóta eða eftirlifendabóta samkvæmt lúxemborgískri löggjöf skal telja áunnið tryggingatímabil á Íslandi vegna launaðra starfa ígildi tímabila sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir samkvæmt lúxemborgískri löggjöf.

25. gr.

Nú á tryggður maður ekki rétt til bóta einungis á grundvelli tryggingatímabila þeirra sem áunnin eru í samningsríkjunum tveimur og skal þá taka til greina tryggingatímabil sem hann hefur áunnið í þriðja ríki sem bæði samningsríkin hafa gert við gagnkvæman samning um félagslegt öryggi er gerir ráð fyrir að saman skuli talin öll tryggingatímabil, að því er varðar öflun, viðhald eða endurheimtu réttar til bóta.

26. gr.

(1) Ef heildarlengd tímabila þeirra sem áunnin eru samkvæmt löggjöf annars samningsríkisins er skemmri en eitt ár, og ef ekki hefur áunnist neinn réttur til bóta samkvæmt framangreindri löggjöf á grundvelli þessara tímabila eingöngu, er til þess bærri stofnun þess ríkis ekki skylt, samkvæmt samningi þessum, að greiða bætur fyrir umrædd tímabil.

(2) Tímabil þessi eru samt sem áður tekin til greina af til þess bærri stofnun hins samningsríkisins að því er varðar öflun réttar til bóta samkvæmt löggjöf þess ríkis, í samræmi við beitingu ákvæða 1. tl. 24. gr. og 25. gr.

2. þáttur. - Bætur samkvæmt lúxemborgískri löggjöf

27. gr.

(1) Eigi maður rétt á lífeyri samkvæmt lúxemborgískri löggjöf, án þess að beita þurfi til þess 1. og 2. tl. 24. gr., reiknar lúxemborgíska stofnunin, samkvæmt ákvæðum löggjafar þeirrar er hún starfar eftir, lífeyrinn í samræmi við heildarlengd tryggingatímabila sem taka ber tillit til samkvæmt þeirri löggjöf.

Stofnunin lætur einnig reikna út lífeyri þann sem veita ætti samkvæmt ákvæðum 2. tl. hér á eftir.

Gildir þá einungis sú upphæðin sem hærri er.

(2) Eigi maður rétt á lífeyri samkvæmt lúxemborgískri löggjöf, sem stofnast ekki til nema með því að tekið sé tillit til allra þeirra tímabila sem ráð er fyrir gert í 1. og 2. tl. 24. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) lúxemborgíska stofnunin reiknar fjárhæð hugsanlegs lífeyris sem umsækjandi ætti rétt á ef öll tryggingatímabil, sem áunnin eru samkvæmt löggjöf ríkjanna beggja, hefðu verið áunnin eingöngu innan ramma löggjafar ríkis hans;
- b) á grundvelli fjárhæðar hugsanlegs lífeyris ákveður lúxemborgíska stofnunin lífeyrisgreiðslu í réttu hlutfalli við lengd tryggingatímabila sem áunnin eru samkvæmt löggjöf þeirri er hún starfar eftir, miðað við heildarlengd tryggingatímabila sem áunnin eru samkvæmt löggjöf beggja samningsríkjanna;
- c) við ákvörðun fjárhæðar hugsanlegs lífeyris sem vísað er til í staflið a) hér að framan tekur lúxemborgíska stofnunin, að því er varðar tryggingatímabil sem áunnin eru samkvæmt löggjöf hins ríkisins, tillit til:
 - i) að því er varðar útreikning hlutfallslegra hækkana og sérstakra hlutfallslegra hækkana, meðaltals iðgjaldskyldra launa, þóknana eða tekna sem sannanleg eru fyrir þau tímabil sem áunnin eru samkvæmt löggjöf þeirri er stofnunin starfar eftir;
 - ii) að því er varðar útreikning samningsbundinna hlutfallslegra hækkana og sérstakra hlutfallslegra samningsbundinna hækkana, hlutfallslegrar upphæðar er sé jafnhá þeirri sem átt hefði að greiða ef þessi tímabil hefðu verið áunnin samkvæmt löggjöf þeirri sem stofnunin starfar eftir.

(3) Eigi maður ekki rétt á lífeyri samkvæmt lúxemborgískri löggjöf nema tekið sé tillit til ákvæða 25. gr. skulu tryggingatímabil, sem áunnin eru samkvæmt löggjöf þriðja ríkis, talin með að því er varðar beitingu 2. tl. þessarar greinar.

3. þáttur. - Bætur samkvæmt íslenskri löggjöf

28. gr.

(1) Þar sem þess er krafist að maður skuli eiga lögheimili á Íslandi til að öðlast rétt til örorkulífeyris, barnalífeyris, ekkju- eða ekkilsbóta eða ekkjulífeyris skal líta á búsetu í Lúxemborg sem lögheimili á Íslandi.

(2) Nú öðlast maður rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris eða ekkjulífeyris samkvæmt samningi þessum og skal upphæð lífeyris þá reiknuð út, sbr. þó 3. og 4. tl., í samræmi við ákvæði íslenskrar löggjafar, einungis varðandi þau tímabil sem áunnin eru samkvæmt téðri löggjöf.

(3) Nú býr maður utan Íslands, og átti ekki rétt til örorkulífeyris eða ekkjulífeyris er hann fór frá Íslandi, og skal þá, þegar lögheimilistími á Íslandi er ákvarðaður með tilliti til þeirra bóta, einungis tekið tillit til tímans fram til 67 ára aldurs í hlutfallinu lögheimilistímabil á Íslandi eftir 16 ára aldur og samanlögð þessi tímabil og búsetutímabil í Lúxemborg er svara til tryggingatímabila.

(4) Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa skal ekki greiða tekjutryggingu eða heimilisuppbót með elli- eða örorkulífeyri til aðila sem býr utan íslensks landsvæðis.

(5) Nú er réttur til barnalífeyris eða ekkju- eða ekkilsbóta byggður á samningi þessum, og skal þá ákvarða upphæð lífeyrisins eða bótanna með því að margfalda:

i) upphæð lífeyris eða bóta, sem ákveðin er samkvæmt íslenskri löggjöf

með

ii) brotatölu sem svarar til hlutfalls áunninna tryggingatímabila samkvæmt íslenskri löggjöf við samanlögð áunnin tryggingatímabil samkvæmt löggjöf beggja samningsríkjanna.

5. kafli - Atvinnuleysi

29. gr.

(1) Nú setur löggjöf samningsríkis það skilyrði fyrir öflun, viðhaldi og endurheimtu réttar til bóta að tryggingatímabil sé áunnið eða föst störf innt af hendi, og skal stofnun sú er starfar eftir þessari löggjöf taka til greina í þessu sambandi, að því marki sem nauðsynlegt er, með tilliti til samlagningar, áunnin tryggingatímabil eða störf innt af hendi samkvæmt löggjöf hins samningsríkisins, eins og um væri að ræða áunnin tryggingatímabil eða störf innt af hendi samkvæmt löggjöf fyrra ríkisins. Nú setur samningsríki það skilyrði fyrir stofnun réttar til bóta að tryggingatímabil séu áunnin og skal því samningsríki ekki skylt að taka til greina starfstímabil sem áunnin eru í hinu samningsríkinu nema með því skilyrði að þessi tímabil hefðu verið talin tryggingatímabil ef þau hefðu verið áunnin samkvæmt löggjöf fyrra ríkisins.

(2) Beiting ákvæða 1. tl. er háð því skilyrði að hlutaðeigandi hafi síðast heyrt undir löggjöf samningsríkis þess þar sem hann sækir um bætur og að hann hafi stundað innan ramma þeirrar löggjafar launuð störf í a.m.k. fjórar vikur á síðustu 12 mánuðum áður en hann leggur fram umsókn sína. Fyrsta tölulið skal beitt þótt launþegi láti af störfum án sakar áður en lýkur vikunum fjórum ef ráðgert var að starf þetta entist lengur.

(3) Þegar það fer eftir lengd tryggingatímabila eða starfa hve lengi bætur eru greiddar gilda ákvæði 1. tl.

30. gr.

Ef beitt er ákvæðum 29. gr. tekur til þess bær stofnun, að því marki sem þörf er á, við ákvörðun um það hve lengi bætur skuli greiða, tillit til þess tímabils sem bætur hafa verið greiddar af stofnun hins samningsríkisins innan síðustu 12 mánaða áður en umsókn um bætur er lögð fram.

IV. hluti - Ýmis ákvæði

31. gr.

Til þess bær stjórnvöld skulu

- a) semja samkomulag stjórnvalda um framkvæmd samnings þessa;
- b) skiptast á hvers konar upplýsingum um þær ráðstafanir sem gerðar eru varðandi framkvæmd hans;
- c) skiptast á hvers konar upplýsingum um breytingar á löggjöf ríkjanna sem hugsanlega gætu haft áhrif á framkvæmd hans;
- d) tilgreina milligöngustofnanir með það fyrir augum að auðvelda framkvæmd samningsins, einkum að því er varðar að koma á þægilegum og hraðvirkum samskiptum milli stofnana samningsríkjanna tveggja.

32. gr.

Allar persónulegar upplýsingar, sem annað samningsríki veitir hinu innan ramma samnings þessa, eru trúnaðarmál og má ekki nota nema til þess að ákvarða rétt til bóta samkvæmt því sem samningurinn gerir ráð fyrir, svo og til að svara fyrirspurn varðandi rétt til bóta.

33. gr.

Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir, sem falið er að annast framkvæmd hans, sýna fyllstu hjálpssemi og fjalla um mál eins og um væri að ræða framkvæmd eigin löggjafar. Gagnkvæm aðstoð við afgreiðslu stjórnvalda og stofnana skal að öðru jöfnu veitt að kostnaðarlausu. Þó geta til þess bær stjórnvöld samningsríkjanna samið um endurgreiðslu tiltekinna kostnaðarliða.

34. gr.

(1) Undanþágu frá eða afslátt á sköttum, stimpilgjöldum, áritunum lögbókanda eða skráningargjöldum, sem ráð er fyrir gert í löggjöf annars samningsríkisins varðandi skjöl eða skilríki sem leggja ber fram við framkvæmd löggjafar þess ríkis, skal einnig veita sambærilegum skjölum og skilríkjum sem leggja ber fram við framkvæmd löggjafar hins samningsríkisins eða samnings þessa.

(2) Öll skjöl, skilríki og hvers konar opinberir pappírar, sem leggja ber fram við framkvæmd samnings þessa, eru undanþegin staðfestingaráritun sendiráða og ræðismanna.

35. gr.

Orðsendingar, sem sendar eru vegna framkvæmdar samnings þessa til stofnana eða stjórnvalda annars samningsríkis sem bær eru til að fjalla um félagslegt öryggi, skulu ritaðar á frönsku, íslensku eða ensku.

36. gr.

Umsóknir, yfirlýsingar eða kröfur, sem samkvæmt löggjöf annars samningsríkisins hefði átt að leggja fram innan tiltekins frests hjá stofnun eða stjórnvaldi þess ríkis, skoðast lagðar fram í tíma ef þær eru lagðar fram innan sama frests hjá sambærilegri stofnun eða stjórnvaldi í hinu samningsríkinu. Í því tilviki skulu téðar umsóknir, yfirlýsingar eða kröfur sendar þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar eða stjórnvalds í fyrra ríkinu, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu til þess bærri stjórnvalda í ríkjunum tveimur.

37. gr.

Stofnunum samningsríkis, sem samkvæmt samningi þessum er skylt að standa skil á bótum gagnvart bótaþegum sem eru á landsvæði hins samningsríkisins, er heimilt að inna féð af hendi í gjaldmiðli fyrra ríkisins; sé þeim skylt að greiða fé til stofnana sem eru á landsvæði hins ríkisins ber þeim að afgreiða það í mynt þess ríkis.

38. gr.

(1) Rísi ágreiningur milli samningsríkjanna varðandi túlkun eða framkvæmd samningsins skal um hann fjallað beint af til þess bærum stjórnvöldum samningsríkjanna.

(2) Leysist slíkur ágreiningur ekki innan sex mánaða frá því að samningaviðræður skv. 1. tl. hefjast, skal hann lagður í gerðardóm sem er skipaður og starfar samkvæmt samkomulagi samningsríkjanna. Gerðardómur skal leysa úr ágreiningnum í samræmi við grundvallarhugmyndir og anda samnings þessa. Úrskurðir hans eru bindandi og endanlegir.

39. gr.

(1) Hafi stofnun samningsríkis greitt bótaþega umfram rétt getur stofnun þessi, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem ráð er fyrir gert í löggjöf þeirri er hún starfar eftir, farið fram á það við stofnun í hinu samningsríkinu, sem greiðir téðum bótaþega, að hún haldi eftir, af þeim bótum sem hún greiðir viðkomandi, því fé sem umframgreitt var. Síðarnefnda stofnunin heldur þá fénu eftir með þeim skilyrðum og takmörkunum sem slík jöfnun er háð samkvæmt löggjöf þeirri er hún starfar eftir, eins og um væri að ræða afgreiddar bætur af hálfu hennar sjálfrar, og sendir síðan fé það, sem þannig er haldið eftir, til stofnunarinnar sem féð ber.

(2) Hafi stofnun í samningsríki greitt bæt看ur fyrirfram fyrir tímabil, sem bótaþegi á rétt á að fá sambærilegar bæt看ur fyrir samkvæmt löggjöf hins samningsríkisins, þá getur sú stofnun farið fram á það við stofnun í hinu ríkinu að hún haldi eftir upphæð téðrar fyrirframgreiðslu af því fé sem henni ber að greiða téðum bótaþega fyrir sama tímabil. Síðarnefnda stofnunin heldur þá fénu eftir með þeim skilyrðum og takmörkunum sem gert er ráð fyrir í löggjöf þeirri er hún starfar eftir og sendir síðan fé það, sem þannig er haldið eftir, til stofnunarinnar sem féð ber.

(3) Nú hefur maður notið félagslegrar aðstoðar á landsvæði samningsríkis á tímabili meðan hann átti rétt á bótum samkvæmt löggjöf hins samningsríkisins, og getur þá sá aðili sem veitti aðstoðina farið þess á leit við stofnun í hinu samningsríkinu, sem ber að greiða viðkomandi bæt看ur, að hún haldi eftir upphæð útlagðs kostnaðar vegna aðstoðarinnar sem veitt var á téðu tímabili, af því fé sem stofnunin greiðir honum, enda hafi þessi aðili að lögum heimild til að ganga að bótum þeirra sem njóta félagslegrar aðstoðar. Stofnunin heldur þá fénu eftir með þeim skilyrðum og takmörkunum sem gert er ráð fyrir í löggjöf þeirri er hún starfar eftir og sendir síðan fé það, sem þannig er haldið eftir, til þess aðila sem féð ber.

V. hluti - Bráðabirgðaákvæði og lokaákvæði

40. gr.

(1) Með samningi þessum stofnast ekki til neins konar réttar til greiðslu bóta fyrir tímabil fyrir gildistökudag hans.

(2) Öll tryggingatímabil, sem áunnin eru samkvæmt löggjöf samningsríkis fyrir gildistökudag samnings þessa, skulu tekin til greina að því er varðar ákvörðun réttar til bóta sem stofnað er til samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

(3) Til réttar samkvæmt samningnum stofnast jafnvel þótt um sé að ræða atvik sem gerðist áður en hann tók gildi, sbr. þó ákvæði 1. tl.

(4) Nú hafa bæt看ur ekki verið veittar eða þeim frestað vegna þjóðernis hlutaðeigandi eða vegna búsetu hans á landsvæði samningsríkis, annars en þess samningsríkis þar sem stofnun sú er ber að greiða honum fé hefur aðsetur, eða vegna hvers konar annarra tálma sem samningur þessi hefur rutt úr vegi, og skulu þær þá að beiðni hlutaðeigandi veittar eða endurvaktar frá og með gildistöku samnings þessa, enda hafi bótaréttur ekki fallið niður með eingreiðslu.

(5) Réttur hlutaðeigandi, áunninn áður en samningur þessi gekk í gildi, og greiðsla lífeyris eða dagpeninga skulu endurskoðuð að beiðni hlutaðeigandi með tilliti til ákvæða þessa samnings. Rétt þennan getur stofnun á sama hátt endurskoðað að eigin frumkvæði. Slík endurskoðun skal ekki hafa þau áhrif að skerða fyrri rétt hlutaðeigandi.

(6) Ef umsókn skv. 4. og 5. tl. er lögð fram innan tveggja ára frá því að samningur þessi gengur í gildi skal réttur, sem stofnast samkvæmt ákvæðum samnings þessa, veittur frá og með þeim degi, og skal ákvæðum löggjafar samningsríkjanna um fyrningu bótaréttar ekki beitt gagnvart hlutaðeigandi.

(7) Ef umsókn skv. 4. og 5. tl. er lögð fram eftir að runninn er út tveggja ára frestur eftir gildistöku samnings þessa er sá réttur sem ekki hefur fyrnst veittur frá og með dagsetningu beiðnarinnar, enda séu ekki hagstæðari ákvæði í löggjöf samningsríkis.

(8) Að því er varðar þá einstaklinga, sem horfið hafa úr lífeyrstryggingakerfi Lúxemborgar áður en samningur þessi gekk í gildi og sem á þeim tíma nutu endurgreiðslu iðgjalda, skal leggja að jöfnu tímabil launaðra starfa, sem áunnin eru samkvæmt íslenskri löggjöf, og þau sem áunnin eru samkvæmt lúxemborgískri löggjöf með tilliti til endurgreiðslu í samræmi við lúxemborgíska löggjöf á þeim hluta iðgjalda sem útborgaður var.

(9) Áhafnir þær, sem tilgreindar eru í 3. tl. 7. gr. og heyra, þá er samningur þessi gengur í gildi, undir lúxemborgíska löggjöf, skulu eiga þess kost, innan tveggja ára, að hlíta þeirri löggjöf, þar með töldum slysatryggingum.

41. gr.

(1) Hvort samningsríki um sig skal tilkynna hinu skriflega þegar fullnægt hefur verið stjórnarskrárleg-um formsatriðum sem þarf til þess að samningur þessi geti tekið gildi.

(2) Samningur þessi tekur gildi frá og með fyrsta degi þriðja mánaðar eftir dagsetningu hinnar síðari þessara tilkynninga.

42. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn. Hvort samningsríki um sig getur sagt honum upp. Uppsögn skal tilkynna í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok almanaksárs. Samningurinn fellur þá úr gildi í lok þess árs.

43. gr.

(1) Í því tilviki að samningi þessum verði sagt upp skal allur réttur sem stofnast hefur samkvæmt ákvæðum hans haldast.

(2) Réttur sem er að stofnast, varðandi tímabil sem áunnin eru áður en uppsögn samningsins tekur gildi, tapast ekki með uppsögninni. Um síðara gildi skal úrskurðað með samkomulagi eða, sé slíku samkomulagi ekki til að dreifa, samkvæmt löggjöf þeirri sem hlutaðeigandi stofnun starfar eftir.

Gjört í Lúxemborg 11. desember 1989 í tvíriti á íslensku og frönsku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir lýðveldið Ísland

Fyrir Stórhertogadæmið Lúxemborg

Guðmundur Bjarnason

Johny Lahure
Jacques F. Poos

14. nóvember 1991

Nr. 28

AUGLÝSING

um samning við Efnahagsbandalag Evrópu til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar.

Hinn 24. október 1991 var Efnahagsbandalagi Evrópu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar sem undirritaður var í Brussel 9. október 1991. Samningurinn öðlaðist gildi 1. nóvember 1991.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Bréfaskipti um framkvæmd samningsins eru birt sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 14. nóvember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.